

Til kirkjuþingsfulltrúa

Reykjavík 22. október 2021

Varðandi mál 14 á kirkjuþingi 2021. Athugasemdir við lið 10-f í minnisblaði

Í gegnum fréttaveitur hafa þær fregnir borist öllum undirrituðum, nema kirkjuþingsmanni hópsins, að á minnisblaði með tillögum um fækkun prestsstarfa innan þjóðkirkjunnar komi fram að sjúkrahúsprestur skuli aflagður og nemi sú fækkun einu stöðugildi. Við viljum harma að upplýsingar hafi borist okkur með þessum hætti þar sem öll umræða um þjónustu kirkjunnar á Landspítala snertir þau sem þiggja þá þjónustu, samstafsfolk sem og stjórnendur. Um leið þykir okkur ástæða til að mótmæla alvarlega fyrirhuguðum niðurskurði þessarar þjónustu.

Þjóðkirkjan hefur um áratugaskeið stutt við sálgæslu presta og djákna á Landspítala sem er háskóla- og kennslustofnun og eina þjóðarsjúkrahúsið á Íslandi. Þessi stuðningur hefur m.a. verið fólgin í að embætti sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar hefur verið ráðstafað á spítalann allt frá stofnun þess árið 1986. Undanfarin rúm 20 ár hefur starf sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar einkum beinst að líknarþjónustu Landspítala. Á þeim vettvangi hefur sjúkrahúsprestur unnið brautryðjendastarf á sviði líknarmedferðar, tekið þátt í uppbyggingu og þróun sérhæfðrar líknarþjónustu hér á landi og lagt sitt af mörkum til að auka fræðilega þekkingu á líknarmedferð og sálgæslu á því sviði.

Sérþjónusta þjóðkirkjunnar er veigamikill þáttur í grunnþjónustu kirkjunnar þar sem andlegur, trúarlegur og tilvistarlegur stuðningur við fólk í erfiðum aðstæðum fer fram. Um leið á sér stað ákveðið samtal kirkjunnar við samtíma sinn hverju sinni og það samfélag sem hún er hluti af. Starf sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar er ómissandi liður í þeirri þjónustu sem má ekki skerða með neinum hætti. Þjóðkirkja sem vill standa undir nafni á að leita allra leiða til að efla og styðja við sérþjónustu kirkjunnar og sjúkrahúsprestsþjónustu á Landspítala.

Virðingarfyllst,

Ása Laufey Sæmundsdóttir, prestur innflytjenda
Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
Guðný Hallgrímsdóttir, prestur fatlaðra
Hreinn Hákonarson, sérþjónustuprestur á samskiptasviði Biskupsstofu
Kristín Pálsdóttir, prestur heyrnarlausra
Sigrún Óskarsdóttir, fangaprestur
Toshiki Toma, prestur innflytjenda

